

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Greinaflokkur um kennaramenntun til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum á tíu ára afmæli *Netlu – Vef tímarits um uppeldi og menntun*

Grein birt 9. janúar 2012

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá og fagmennska kennara Hugleiðing til heiðurs Ólafi J. Proppé

Í greininni er fjallað um hvaða áhrif má ætla að hugmyndir um svokallaða grunnþætti menntunar í aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, sem kom út árið 2011, hafi á hlutverk kennara og fagmennsku þeirra. Lagt er út af grein sem Ólafur J. Proppé skrifaði árið 1992 um fagmennsku kennara og skólustarf. Því er haldið fram að flestir þeir þræðir sem Ólafur vefur í greininni birtist í grunnþáttum nýrrar aðalnámskrár. Á báðum stöðum er horft til samtímans sem framtíðarinnar, inn í skólann og út fyrir veggi hans til samfélagsins. Lögð er áhersla á að hlutverk kennara sé að taka frumkvæði að breytingum á skólastarfi sem stuðli að því að nemendur verði virkir þátttakendur. Ekkert af þessu er mögulegt án þeirrar fagmennsku og faglegrar ábyrgðar kennara á starfi skólanna sem Ólafur hvatti svo mjög til í sinni grein.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson er prófessor við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Basic ideals of education and teacher professionalism:

Some thoughts in the honor of Ólafur J. Proppé^[1]

This article lays out how the so-called basic ideals of education, as defined in the 2011 national curriculum for early childhood, compulsory, and upper secondary schools in Iceland, may have on the role and professionalism of teachers. The discussion is framed around an article Ólafur J. Proppé wrote in 1992 on teacher professionalism and schools. It is argued that most of the threads woven by Ólafur in that article are apparent in the basic ideals of the new curriculum. Both focus on the present as well as the future; both look at school activity as well as the relationship between schools and community. Emphasis is placed on the role of teachers to work towards social change and prepare students for an active participation. None of this is possible without the professionalism and professional responsibility that Ólafur in his article encourages so much.

Kennarar þurfa annars vegar að hafa í huga markmið sem beinast að samfélaginu og „menningararfinum“ og hins vegar markmið sem höfða til nemandans sem einstaklings. Hlutverk þeirra er að skipuleggja skólastarfið þannig að nemendur læri að tengja saman viðfangsefnin og sjái tilgang í starfi sem fram fer í skólanum. Kennarar verða að kunna svo til verka að þeir geti kennt nemendum á ýmsum aldri, áhugasömum nemendum jafnt sem áhugalausum, og nemendum sem eru ólíkir að námsgetu og þroska. (Ólafur J. Proppé, 1992, bls. 227)

Þannig skrifaði afmælisbarnið, Ólafur J. Proppé, fyrir tæpum 20 árum. Í greininni undirstrikar hann jafnframt að í fagvitund kennara þurfi að felast fræðileg afstaða og fram kemur sú skýra krafa að kennaramenntun stuðli að því að brautskrá fólk sem vill taka þátt í að breyta. Að mati Ólafs er hlutverk kennara ekki fyrst og fremst að fylgja heldur að taka frumkvæði, meta árangurinn og þróa starfið.

Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá 2011

Aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla 2011 er í senn nýlunda og framhald af fyrri námskrám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c). Róttækasta breytingin er vissulega á aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem skólunum sjálfum er ætlað forystuhlutverk í því að móta námsáfanga og námsgreinar þannig að námið stuðli að þeirri lykilhæfni sem einstaklingar eiga að ná í skólunum. Lykilhæfni er sú hæfni „sem stuðlar að lausn margháttaðra verkefna við ólík skilyrði“ og undir hana fellur t.d. „félagsleg hæfni ... sem dugir til að ‚lesa‘ – þ.e. skilja og túlka – merkingu mannlegra samskipta ...“ (Wolfgang Edelstein, 2008, bls. 70).

Aðalnámskrá leikskóla er einnig um margt ólík aðalnámskrá leikskóla frá 1999 en hún er samt lík henni í því að aðalsmerki hennar er að undirstrika sérstöðu leikskóla sem skólustigs. Einungis er kominn út almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla þegar þetta er ritað. Verður því ekki lagt mat á breytingar á henni miðað við námskrárnar frá 1999 og 2006–2007 að öðru leyti en því að þeirri framsetningu er haldið að gefa út námskrár fyrir einstakar námsgreinar og greinaflokk. Að þessu leyti verður líklega breytingin einna minnst á aðalnámskrá grunnskóla; í henni verða áfram ákvæði um að skipta skólastarfinu í námsgreinar. En þrátt fyrir ákvæði um námsgreinar og áframhaldandi útgáfu viðmiðunarstundaskrár fyrir grunnskóla er í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla lögð meiri áhersla á samþættingu en í áður nefndum námskrám. Gangi það eftir er hún ekkert síður róttæk en aðalnámskrár hinna skólastiganna tveggja.

Mesta nýlunda aðalnámskrárinnar 2011 felst líklega í 20 blaðsíðna sameiginlegum kafla fremst í aðalnámskrá leikskóla og í almennum hluta námskrárinnar fyrir grunn- og framhaldsskóla. Mikilvægasti sameiginlegi kaflinn fjallar um svokallaða grunnþætti menntunar – sex mikilvæg svið sem eru táknuð með átta orðum. Grunnþættirnir eru *læsi*, *sjálfbærni*, *lýðræði* og *mannréttindi*, *jafnrétti*, *heilbrigði* og *velferð* og *sköpun*. Ekki er ljóst hvaðan sjálft hugtakið, grunnþættir menntunar, er ættað en inntakið í því er vel þekkt: Læsi á t.d. að vera læsi í víðum skilningi, bæði hin tæknilega gjörð sem felst í því að kunna að lesa og skrifa texta, svo og hin yfirfærða merking þess að geta lesið í umhverfið og margvíslegar félagslegar aðstæður. Eins og segir í námskránni: „Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 11, 2011b, bls. 11, 2011c, bls. 10). Sama gildir í reynd um aðra þætti; sá skilningur sem lagður er í hvert orð eða hugtak á að vera rúmur og lögð er áhersla á að þættirnir séu samtvinnaðir hver öðrum og skólastarfinu öllu.

Inntak þáttanna er sótt í löggjöf um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og einnig í aðra löggjöf þar sem finna má ákvæði um menntun, svo sem lög um jafnan rétt og jafna

stöðu kvenna og karla. Inntakið er enn fremur sótt í margvíslegar aðrar uppsprettur, bæði innlendar og alþjóðlegar, svo sem Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, stefnu UNESCO um almenna menntun og um sjálfbæra þróun og stefnu Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi. Við móttun grunnþáttanna var horft til þess þróunarstarfs sem farið hefur fram í skólum landsins (sbr. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c).

Grunnþættirnir eru settir fram til þess að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Í námskránum er þetta orðað svo: „Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbrigft fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 11, 2011b, bls. 11, 2011c, bls. 10). Tekið er fram að þegar skólastarf sé metið þurfi að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám og skólastarfið í heild.

Það er næstum því eins og aðalnámskráin sé hér skrifuð upp úr tilvitnuninni í grein Ólafs J. Proppé í upphafi greinarinnar – en þar segir að hlutverk kennara sé „að skipuleggja skólastarfið þannig að nemendur læri að tengja saman viðfangsefnið og sjái tilgang í starfi sem fram fer í skólanum“. Grunnþættirnir eru byggðir á slíkri hugsjón um tilgang skólastarfs og mikilvægi þess að börnin og unglingarnir móti með sér framtíðarsýn.

Lengra kennaranám – fjölbreyttari bakgrunnur kennara

Ólafur J. Proppé beitti sér fyrir því að kennaranám yrði eftt. Í tilvitnuninni, sem hugleiðingin hófst á, kemur fram orðalagið „kunni til verka“ – og það er undirstrikað víðar í sömu grein:

Það skiptir einnig miklu máli að þeir sem stunda kennslustörf *kunni til verka* svo að skólastarfið verði árangursríkt, nemendur skólans fái markvissan stuðning á þroskaferli sínum og öðlist þar menntun sem nýtist bæði þeim sjálfum og þjóðfélaginu í heild. (Ólafur J. Proppé, 1992, bls. 224, áherslubreyting hér)

En jafnframt undirstrikar Ólafur að kennarar megi aldrei líta „svo á að þeir séu fullnuma“ og að þeir þurfi „að hafa fræðilega afstöðu til starfsins, til eigin þekkingar og viðhorfa“ (bls. 224).

Í greininni ræðir Ólafur um „kennarafræði“ og mikilvægi þess að þau byggist á gagnvirkum tengslum kenningar og starfs. Kennarafræði taka, samkvæmt skilgreiningu Ólafs, „til allra þeirra fræða og fræðasviða sem kennurum er nauðsynlegt að þekkja og geta beitt til að greiða með faglegum og markvissum hætti fyrir þroska og námi“ (bls. 226). „Að kunna til verka“ merkir því ekki hugsunarlaus iðja heldur merkir orðalagið bæði að kennarar kunni margvísleg vinnubrögð og að þeir geti breytt þeim eftir því sem samfélagið þróast og þekking á skólastarfi eykst.

Nú hefur kennaranám verið lengt að mun; nám leikskólakennara, sem var ekki í boði í háskóla fyrr en fyrir um 15 árum, er nú fimm ára háskólanám; nám grunnskólakennara hefur á sama tíma lengst úr þremur árum í fimm og lágmarksmenntun framhaldsskólakennara er nú meistaraþróf í stað fjögurra ára náms. Reyndar segir það ekki alla söguna því að tæpur helmingur þeirra sem hófu nám í kennslufræði framhaldsskóla við Háskóla Íslands haustið 2011 var með meistara- eða doktorsþróf og lýkur því kennaraþrófi með a.m.k. sjötta háskólaárinu. Og mörg hundruð kennarar á öllum skólastigum stunda framhaldsnám á hverju ári. Löggjafinn hefur að vísu haft einn hóp út undan, en það eru iðnmeistarar sem aðeins þurfa eins árs kennaranám á bakkalárstigi til að geta sótt um leyfisbréf fyrir kennslu. Við vonum þó að það standi til bóta.

En hvað gerum við sem stöndum að menntun kennara með nemendum okkar á þessum tíma – og auknum tíma? Við getum rökrætt nánast endalaust hvort við eigum að bæta við námið í kennslufræði, í faggrein eða á vettvangi. Það dugar ekki „sitt lítið af hverju“ (Ólafur J. Proppé, 1992, bls. 226) til að unnt sé að tala um kennarafræði heldur þarf gagnvirk tengsl. Ég vil ganga svo langt að fullyrða að lenging kennaranáms hafi átt mjög lítinn rétt á sér nema það takist að breyta áherslum í menntun kennara.

Skipting núgildandi námskrár í grunnþætti með samfélagslegt hlutverk og lykilhæfni sem snýr að því hvað einstaklingarnir eiga að geta er ágætur útgangspunktur fyrir umræður um áherslubreytingar í kennaramenntun. Í kennaramenntun um þessar mundir er mikil áhersla á að kenna um kennsluáðferðir, en það er líka veruleg áhersla á þekkingu á sálfræðilegum þroska og að nemendur læri með ólíkum hætti. Hvort tveggja er mikilvægt. Vandinn við þess háttar áherslu er sá að mikil hætta er á að horft sé fram hjá þeim félagslegu aðstæðum sem skapa forsendur til náms, svo sem hvaða áhrif menntun foreldra og félagslegar aðstæður barnanna hafa á börnin. Hrúnið haustið 2008 undirstrikar margt af þessu. Og það er líka hætta á því að þegar vandi kemur upp sé hann gerður að einstaklingsvanda sem eigi rætur í arfgerð fjölskyldnanna en síður horft til félagslegra og menningarlegra aðstæðna þeirra. Margur vandi, sem börn og unglingar lenda í, á að skiljast miklu betur ef kennarinn hefur djúpstæðan skilning á félagsfræði, kynjafræði, mannfræði og fleiri fræðigreinum sem fást við nútímasamfélagið (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2007). Þá hefur Ísland líka breyst úr tiltölulega einsleitu samfélagi, menningarlega séð, í samfélag þar sem næstum tíu prósent íbúanna eru af erlendum uppruna.

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár 2011 er stuttur kafli um kennara, hlutverk þeirra og fagmennsku. Undirstrikað er lykilhlutverk kennara í öllu skólasterfi og að „gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum“ (sjá t.d. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 8, 2011b, bls. 8, 2011c, bls. 7).

Þá er tekið fram að í

upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem lítið er til efnahags og atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga, tækni og samskipta má finna deiglu og breytingar sem hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun og uppeldi. ... Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 8–9, 2011b, bls. 9, 2011c, bls. 8).

Fimm ára kennaramenntun í háskóla er ein af leiðunum sem hefur verið ákveðið að fara til að koma til móts við þessar kröfur til kennara. Ég tel að fimm ára háskólamenntun komi ekki í staðinn fyrir fjölbreytni í kennaramenntun og mæli þannig gegn því að búin verði til samræmd námskrá fyrir allt kennaranám. Við þurfum líka kennara með fjölbreyttan bakgrunn, t.d. held ég að það sé brýn þörf á því að mennta kennara úr hópum innflytjenda sem hér hafa sest að. Ekki til að kenna eingöngu börnum annarra innflytjenda, þótt það geti verið mikilvægt á stundum vegna tungumálsins, heldur til þess að kennarar af ólíkum uppruna og með ólíka reynslu læri hver af öðrum (sjá t.d. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Eftir því sem kennarar eru fjölbreytilegri hópur eykst þýðing þess að þeir læri að vinna saman. En kennaranemar þurfa líka að læra að vinna með öðru fagfólki, foreldrum og öðrum með ólíkan faglegan eða menningarlegan bakgrunn. Nauðsyn þessa mun eingöngu fara vaxandi á næstu árum. Og kennaranemar þurfa að kunna að vinna með

Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá og fagmennska kennara:
Hugleiðing til heiðurs Ólafi J. Proppé

samfélaginu utan veggja skólans vegna þess að börnin og unglingarnir þurfa að læra það líka.

Ákvæði um grunnþætti menntunar undirstrika auknar kröfur til kennara um þær tegundir fagmennsku sem Ólafur J. Proppé ræðir í greininni. Best endurspeglast þær sennilega í skilgreiningu námskrárinnar á sjálfbærnimenntun. Í henni felst nefnilega viðleitni til

að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar ... Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé *geta til aðgerða*. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 14, 2011b, bls. 14, 2011c, bls. 13)

Þessi tilvitnun undirstrikar öll þau atriði sem ég hef fjallað hér um í útleggingu minni á grein Ólafs J. Proppé frá 1992. Hér er fjallað um hlutverk kennara og mikilvægi þess að kennararnir kunni til verka. Hér er horft til samtímans sem framtíðarinnar, inn í skólann og út fyrir vegg hans. Hlutverk kennara er að taka frumkvæði að breytingum á skólastarfi sem stuðla að því að nemendur verði virkir þátttakendur. Ekkert af þessu er mögulegt án þeirrar fagmennsku og faglegrar ábyrgðar kennara á starfi skólanna sem Ólafur hvatti svo mjög til í sinni grein.

Aftanmálsgrein

1. Þegar þetta er ritað hefur mér vitanlega ekki birst opinber þýðing á hugtakinu „grunnþættir“ menntunar á ensku og þar sem ég þekki ekkert fræðahugtak sem svarar til þessa hugtaks lagði ég það verkefni fyrir um 40 framhaldsskólakennara, sem sitja vetrarlangt námskeið um grunnþætti menntunar og framhaldsskólustarf í Háskóla Íslands, að ræða hvaða hugtak hentaði á ensku. Fjöldmargar góðar tillögur komu fram og eru hér nokkurn veginn í þeirri röð sem þeim var af tilviljun skilað úr niðurstöðum hópastarfs: *Curriculum roots, basic elements, core values, basic units, fundamental values, fundamental aspirations, six pillars, six ethics, basic ideals, fundamental principles*. Ég tel að hin fjölbreytilegu orð endurspeglar að grunnþættir séu mjög víðtækt hugtak, viljandi eða óviljandi af hálfu ráðherra og þeirra ráðgjafa hans sem ákváðu að nota þetta orð. Ég þakka þátttakendum í námskeiðinu fyrir þetta framlag þeirra til túlkunar námskrárinnar. (Greinarhöfundur var meðal ráðgjafa mennta- og menningarmálaráðuneytisins við útfærslu texta um grunnþættina en orðið hafði verið ákveðið þegar hann kom að verkinu.)

Heimildir

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum og Háskólaútgáfan.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2007). Hvað skiptir mestu í kennaramenntun? *Uppeldi og menntun*, 16(2), 185–187.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011c). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Ólafur J. Proppé. (1992). Kennarafræði, fagmennska og skólastarf. *Uppeldi og menntun*, 1, 223–231.

Wolfgang Edelstein. (2008). Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði? Hæfni og færni í draumalandi. Í Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfðanarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir (ritstjórar), *Menntaspor. Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*. Reykjavík: Sögufélag.



Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá og fagmennska kennara: Hugleiðing til heiðurs Ólafi J. Proppé. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Greinaflokkur um kennaramenntun til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/003.pdf>